



# Nýbyggingarsjóðsnefnd; bréf, tilkynningar o.fl. 1945-1947

Bjarni Benediktsson – Nýbyggingarsjóðsnefnd; bréf, tilkynningar o.fl. 1945-1947

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afrit.  
*Stadfestish*  
E. h. Ríkisskállanefndar  
*Dýngusdagsm*

25. september 7.

Herra

Útgerðarm. Ársæll Sveinsson

Vestmannaeyjum.

Nýbyggingarsjóðsnefndin hefir haft til athugunar símskeyti frá skattstjóranum í Vestmannaeyjum, svo hljóðandi:

"Samkvæmt ösk hr. Ársæls Sveinssonar, vottast að eftir skoðun minni á efnislager Ársæls, eru verðmæti skipaefnis fyllilega 131.733,70. Skattstjórinna í Vestmannaeyjum Jón Eiríksson."

Nefndin telur að þetta sé ekki fullnægjandi greinargerð fyrir nýbyggingarsjóðsfræmlögum yðar fyrir skattárin 1943 og 1944, sem eiga að vera samtals kr. 43.290,21, þar eð ekki sé trygt að efnið fari í bát, sem þér byggið fyrir sjálfan yður.

En nefndin mündi taka sem gilt nýbyggingarsjóðsframlag, skipséfni, sem samkvæmt vottorði skattstjóra væri fært að sérstakan nýbyggingarsjóðsreikning yðar í bókhaldi yðar og haldið aðskildu að lager yðar, enda værði nýbyggingin framkvæmd án óeðlilegra tafa og nefndinni skýrt frá gangi og kostnaði hennar.

Ef til vill eruð þér þegar byrjaður á bátnum og væri þá hægara um vik Samkvæmt brefi skattstjóra eigið þér að leggja í nýbyggingarsjóð kr. 29.519,00 fyrir skattárið 1946 og er ef t.v. heppilegast fyrir yður að gera grein fyrir þeirri upphæð um leið, enda þótt þér séuð ekki skyldugur til þess fyr en í lok þessa árs.

Ennfremur þarf nefndin að fá upplýsingar um, hvernig skip þér ætlið að byggja (hve stórt).

Það er nauðsynlegt að þér leggið fram fullnægjandi gögn, án tafar, þar eð fundur verður bráðlega haldinn í nýbyggingarsjóðsnefnd og mál yðar þá teknið fyrir aftur.

Virðingarfyllst,  
F. h. Nýbyggingarsjóðsnefndar,

Afrit.  
*F. R. Ríkis Skattstjóri Índar*  
*Dýrvuðafossur*  
Simskeyti.

Vestmannaeyjar 27/ 32/ 8 1435 -

Skv. ösk herra Årsæls Sveinssonar vottast að eftir skoðun minni  
á efnislager Årsæls eru verðmæti skipaefnis fyllilega 131.773.70.  
Skattstjórin í Vestmannaeyjum Jón Eiríksson.  
Undirskriftina staðfestir Sigurjón Jónsson, símritarið

Nýbyggingarsjóðsnefnd

Reykjavík

Afrit.  
*Staffestist*  
F. h. Ríkisskattaneftndur  
*Dýrulgögnshássmy*

Skeyti 27/12: 1946.

Ársæll Sveinsson, útgerðarm.

Vestmannaeyjum.

Ef bréfi voru dagsettu 4. f.m. verður ekki svarað fullnægjandi fyrir  
10. janúar, verður ríkisskattanefnd tilkynnt vanskil á nybyggingarsjóðs-  
framlögum yðar fyrir skattárin 1943 og 1944.

Nybyggingarsjóðsnefnd  
c/o Ríkisskattanefnd.

Afrit.  
*Starfssist*  
F. h. Ríkiskattanefndar  
*Borgarsjalasafn* 4. nóv. 6.

Hr. útgm. Ársæll Sveinsson  
Vestmannaeyjum.

Nefndin hefir móttekið bref yðar dags. 9. ágúst þ.a.

Nefndin hefir áður samþykkt að þér hafið löglega varið nýbyggingarsjóðsframlögum yðar vegna skattáranna 1941 og 1942.

Hinsvegar vantar sönnun fyrir framlögum yðar fyrir skattárið 1943 kr. 26.788,00 og fyrir 1944 kr. 16.502,21. Þér segið í brefi yðar, að þér munið braðlega hefja nýbyggingu á bæt fyrir sjálfan yður og hafið þegar fengið efni og annað til byggingarinnar. Til þess að nefndin geti samþykkt að þér hafið löglega varið nefndum nýbyggingarsjóðsframlögum til efniskaupanna, þurfið þér að senda vottorð skattstjóra um efniskaupin til nýbyggingar yðar, og auk þess sanna þáx fyrir nefndinni á sínum tíma, að þér hafið lokið nýbyggingunni og kostnaðarverð bátsins.

Vottorð skattstjórans þurfið þér að senda oss fyrir 25. þ.m.

Virðingarfyllst

f.h. Nýbyggingarsjóðnefndar,

formaður.

Afrit.  
*Stadfestist*  
F. h. Ríkesskatlanefndar  
*Dýrfusálfssuy*

Vestmannaeyjum 9. ágúst 1946.

Nýbyggingarsjóðsnefnd,

R e y k j a v í k.

Hef móttækið heiðrað bréf yðar frá ll. júlí s.l., og vonast eg til að þér afsakið hvað svarið kemur seint, en það stafar af summarleyfum minna skrifstofumanna.

Arin 1943 og 1944 var ég með 65 tonna bát í smíðum, sem ég lagði minn nýbyggingarsjóð í. Þegar ég hafði lokið smíði bátsins gat ég selt hann og fór þá fram á við formann nýbyggingarsjóðsnefndar, hvort ég mætti yfirfæra nýbyggingarsjóðinn yfir á væntanlega aðra nýbyggingu 65 tonna, og gaf hann sitt munnlæga samþykki þar til. Að öðrum kosti hefði ég aldrei selt þetta nýja skip.

Þegar ég svo að nyju var búinn að draga að efni til þessarar nýbyggingar, sem var á miðju ári 1945, kom ríkisstjórnin með sína nýsköpun, og tók ég að mér smíði tveggja 65 tonna báta. Annar þessara báta var tilbúinn frá minni hendi 15. júní, en hefurstaðið á vélinni síðan, en hinn á að verða tilbúinn 201 des. n.k., sem hann og mun verða frá minni hendi. Meðan ég var með þessar byggingar var mér okleyft að hefja smíði a bát mínum, en þar sem þessu verki er það langt komið mun ég bráðlega geta byrjað á nýsmíði minni og hef ég nú þegar fengið efni og annað til byggingarinnar. Nýbyggingarsjóði mínum kr. 16.502,21 hef ég varíð til efniskaupa í væntanlega nýbyggingu, ásamt nýbyggingarsjóði þeim sem var fyrir og vonast ég til að þér veitið yðar samþykki þar til.

Virðingarfyllst,  
pr.pr. Ársæll Sveinsson  
sign:LÁ. Ársælsson, (AS)

Afrit.

Staðfestið  
f.h. Kildskattanefndar  
K. Ólafsson

11. júlí 1946.

Hr. útgm. Ársæll Sveinsson

Vestmannaeyjum.

Með því að nefndinni hafa ekki enn borist gögn fyrir því að fram-  
lag yðar í nýbyggingarsjóð fyrir skattárið 1944 kr. 16.502,21 hafi  
verið innt af hendi, óskast sent vottorð banka eða sparisjóðs um að  
framlagið hefi verið löglega lagt í sjóðinn og um núverandi heildar-  
innstæðu sjóðsins.

Hafi vottorð ekki borist nefndinni fyrir 1. ágúst n.k. mun nefndin  
líta svo að framlag fyrir skattárið 1944 hafi ekki verið innt löglega  
af hendi og tilkynna skattayfirvöldunum vanskilin.

Virðingarfyllst,

f.h. Nýbyggingarsjóðsnefndar,

formaður.

Afrit.  
*Statfæstist  
F. h. Ríkisskattanefndar*  
*Dýrgerðalagssamf*

Símskeyti 18. sept. 1945.

Arsæll Sveinsson

Vestmannaeyjum

Framlag yðar í nýbyggingarsjóð fyrir skattárið 1943 var talið kr.  
26.788,00 Stop Sannið bræflega fyrir næstu mánaðarmjöt að þér hafið  
lagt framlagið löglega fram.

Nýbyggingarsjóðsnefnd  
c/o Ríkisskattanefnd,